Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1743
komudagur 2.5.2014



FÉLAG TÓNLISTARSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ft@ki.is • www.ki.is

Reykjavík, 30. apríl 2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Eftirfylgni vegna fundar um frumvarp til laga um eflingu tónlistarnáms, 414. mál.

Ágætu nefndarmenn,

Um leið og fulltrúar Félags tónlistarskólakennara þakka fyrir fund með allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrr í vikunni vill félagið koma eftirfarandi á framfæri til að bregðast við fyrirspurnum nefndarmanna.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags tónlistarskólakennara, Sigrún Grendal

I. KAFLI

Breyting á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Í samræmi við samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms frá 13. maí 2011, sem framlengt hefur verið til 31. desember 2014, með viðauka frá 5. mars 2014, greiðir ríkissjóður árlegt framlag á árunum 2011, 2012, 2013 og 2014 í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga ~~til að standa straum af~~ sem rennur til[1] kennslukostnaðar að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi.

Eftirfarandi fjórir punktar draga fram grundvallaratriði þess framkvæmdahluta samkomulags um eflingu tónlistarnáms sem varðar ábyrgð og skyldur samningsaðila. FT gengur út frá þessum punktum í viðbrögðum við spurningum nefndarmanna um: þýðingu tímaramma, áhrif þess að bíða til hausts með afgreiðslu og snertifleti við rekstrarform.

- Samkvæmt samkomulaginu felst fjárhagsleg aðkoma ríkissjóðs í fyrirfram ákveðinni upphæð á fjárlögum sem greiðist árlega.
- Í samræmi við ábyrgð sveitarfélaga á rekstri tónlistarskóla, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, 2. kafli, skulu sveitarfélög tryggja að framlag skv. 1. mgr. fjármagni kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla án tillits til búsetu nemenda.[2]
- Lögheimilissveitarfélag nemanda greiðir kennslukostnað þann sem umfram framlag ríkisins kann að fara.[3]
- Sveitarfélög skulu jafnframt tryggja að nemendur sem njóta framlags greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla.[4]

1. FT vill ítreka mikilvægi þess að í frumvarpinu komi skýrt fram að bráðabirgðaákvæðið **feli ekki í sér neinar breytingar á gildissviði laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla** nr. 75/1985, að ekki leiki vafi á um að 2. kafli laganna sé í fullu gildi, en hann fjallar um rekstrarlegar skyldur sveitarfélaga sem reka tónlistarskóla eða veita tónlistarskólum styrk á grundvelli laganna (sbr. skólar í Rvk. o.fl.).

---

[1] Svar við fyrirspurn um breytingu á orðalagi. Þetta orðalag „renna til“ er notað í tillögu nefndar að frumvarpi til laga um tónlistarskóla, 17. gr. um fjárstuðning ríkisins.

[2] Undirstrikaður texti er úr tillögu nefndar að frumvarpi til laga um tónlistarskóla, 17. gr. um fjárstuðning ríkisins.

[3] Eins og bent er á aftast í bréfinu gengur aðferðafræði vegna úthlutana framlaga úr Jöfnunarsjóði út frá því að sveitarfélög greiði þann kennslukostnað sem út af kann að standa.
Þetta lykil efnisatriði strandar á sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og í tengslum við það hefur FT velt því upp hvort það komi til álita að kveðið verði sérstaklega á um gildissvið bráðabirgðaákvæðisins þar sem sveitarfélögum verði gert valkvætt að undirgangast ákvæðið.

[4] Undirstrikaður texti er úr tillögu nefndar að frumvarpi til laga um tónlistarskóla, 17. gr. um fjárstuðning ríkisins.

2. Varðandi fyrirspurn um mikilvægi tímasetningar í tengslum við afgreiðslu málsins vill FT undirstrika:
   - ✓ Hér vísast til 2. liðar í umsögn FT dags. 21. apríl. Ólík túlkun aðila á því hvort samkomulag um eflingu tónlistarnáms feli í sér greiðsluþátttöku af hálfu ríkisins eða verkaskipti milli aðila veldur rekstrarlegri óvissu í tengslum við kjarasamninga sem eru lausir. Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 er kveðið á um að fjárframlög til tónlistarskóla skuli taka mið af breytingum í kjarasamningum (óháð rekstrarformi skóla sbr. lið 1 að framan) en ólík túlkun aðila nær til þess hverjum beri að fjármagna kostnaðarauka vegna kennslu sem fellur undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms.

   - ✓ Rekstrarleg óvissa mun ríkja vegna nk. skólaárs ef ekki verður tekinn af vafi um ábyrgð sveitarfélaga á rekstri tónlistarskóla, samanber punkt tvö hér framar.

     Skýrist það af því að heildarfjöldi nemenda á hverju skólaári fyrir sig , sem fellur undir samkomulagið um eflingu tónlistarnáms, hefur áhrif á úthlutun framlaga - þar sem úthlutun tekur mið af ráðstöfunarfjármagni Jöfnunarsjóðs[5].

3. Að því gefnu að það samræmist vinnulagi nefndarinnar leggur FT til að bráðabirgðaákvæðinu í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla fylgi bókun sem efnislega feli í sér eftirfarandi:

   Ríki og sveitarfélög sammælist um nauðsyn þess að hefja nú þegar vinnu við endurskoðun á samkomulagi aðila um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

   Fram fari úttekt á framkvæmd samkomulagsins með það að leiðarljósi að greina hvernig meginmarkmið þess hafi náð fram að ganga og að undirbyggja sem best útfærslu sem lögfest verði í nýjum lögum um tónlistarskóla á haustþingi 2014.

[5]Samkvæmt vinnureglum vegna úthlutunar framlaga úr Jöfnunarsjóði samþykktar af innanríkisráðuneytinu 31. janúar 2013 er gert ráð fyrir því að ríki og sveitarfélög skipti með sér kostnaði vegna kjarnagreina (önnur fög en aðalhljóðfæri og söngur) tónlistarnáms í ákveðnum hlutföllum ef fjárframlag ríkissjóðs dugar ekki fyrir kennslukostnaði vegna þess nemenda hóps sem fellur undir samkomulag aðila.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstadir.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1623
komudagur 16.4.2014

Umsögn við frumvarp til laga um eflingu tónlistarnáms, 414. mál.

Eftirfarandi athugasemdum hér með komið á framfæri:

Fyrir hönd Fljótsdalshéraðs eru ítrekaðar fyrri athugasemdir við umrætt lagafrumvarp sem lúta m.a. að því að það skjóti skökku við að taka um helming þess fjármagns sem til verkefnisins er ætlað af fjármunum sem tengjast beint grunnskólastarfi. Óskað er eftir útreikningi á því hvernig umrædd tilfærsla hefur áhrif á raunkostnað mismunandi sveitarfélaga eftir stærð og staðsetningu.

Jafnframt er áréttað að mikilvægt er að fundin verði ásættanleg og varanleg lausn á fjármögnun tónlistarnáms í stað endurtekinna síðbúinna tímabundinna tilfærslulausna.

Egilsstöðum 16. apríl 2014

F.h. Fljótsdalshéraðs

Björn Ingimarsson
bæjarstjóri

- Lyngási 12
- Pósthólf 183
- 700 Egilsstaðir
- Sími 4 700 700
- Fax 4 700 701
- egilsstadir@egilsstadir.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1662
komudagur 25.4.2014

FÉLAG TÓNLISTARSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ft@ki.is • www.ki.is

Reykjavík, 21. apríl 2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Félags tónlistarskólakennara (FT) um frumvarp til laga um eflingu tónlistarnáms, 414. mál.

Varðandi samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms er eftirfarandi áréttað um inntak þess:

> Í fréttatilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu „Ríki og sveitarfélög efla tónlistarnám“ dags. 13. maí 2011, eru tiltekin helstu atriði samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms:
> a. Framlög aukin um 250 m.kr. til söngnáms á mið- og framhaldsstigi og hljóðfæranáms á framhaldsstigi.
> b. Tónlistarnemar geta stundað nám óháð búsetu.
> c. Sett verða ný lög um tónlistarskóla.
>
> „Felur aðkoma ríkisins í sér að framlög til málaflokksins aukast um allt að 250 m.kr. á ári og að sveitarfélögin tryggja að nemendur geti stundað nám sitt án tillits til búsetu.“

Fyrsti kafli frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna framlengingar á gildistíma samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms er um breytingu á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum. Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þeim lögum er fyrrgreint samkomulag framlengt til 31. desember 2014.

1. **Félag tónlistarskólakennara telur mikilvægt að fram fari greining/úttekt á því hvernig samkomulag ríkis og sveitarfélaga hefur náð fram að ganga, þ.e. hvernig efling tónlistarnáms hefur til tekist, m.a. með vísan til helstu atriða samkomulagsins sem áréttuð eru hér að framan.**

   Í tíð síðustu ríkisstjórnar skilaði nefnd um endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, af sér tillögu að frumvarpi til laga um tónlistarskóla. Frumvarpstillagan var sett í opið samráðsferli á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins 25. janúar 2013 en því miður náðist ekki að leggja frumvarpið fyrir Alþingi. Félag tónlistarskóla-kennara fagnar þeirri umfangsmiklu vinnu sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt í nýtt lagaumhverfi fyrir kerfi tónlistarskóla í landinu. Eldri lagarammi er frá árinu 1985 og lýtur einvörðungu að fjárhagslegum stuðningi við skólana. Það er því margt sem þarfnast endurskoðunar og endurbóta.

   Afar brýnt er að ný heildstæð löggjöf sem marki starfsemi tónlistarskóla heildræna stefnu verði að veruleika sem fyrst. Lögin munu styðja við og styrkja starfsemi tónlistarskóla innan

menntakerfisins og efla hlutverk þeirra sem mennta- og menningarstofnana í samfélaginu. Félag tónlistarskólakennara hefur hvatt núverandi mennta- og menningarmálaráðherra til að veita málinu brautargengi á Alþingi sem allra fyrst.

Í framangreindum frumvarps tillögum til laga um tónlistarskóla er gert ráð fyrir því að samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms verði lögfest.

- **Ekki síst í því ljósi (hvað varðar lögfestingu í nýjum lögum) beinir FT því til allsherjar- og menntamálanefndar að nefndin beiti sér fyrir því að greining/úttekt verði gerð á framkvæmd samkomulagsins sem fyrst.**

2. **FT gerir athugasemdir við orðalag 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla: [...] greiðir ríkissjóður árlegt framlag á árunum 2011, 2012, 2013 og 2014 í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að standa straum af kennslukostnaði að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna [...].**

   Það liggur fyrir að ríki og sveitarfélög leggja ekki sama skilning í undirstrikaða hluta 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla (sjá undirstrikun hér að framan). Ólík túlkun aðila á málsgreininni lýtur að því hvort málsgreinin feli í sér greiðsluþátttöku af hálfu ríkisins eða verkaskipti milli aðila.

   - **Það að vafi skuli leika á um túlkun svo veigamikils atriðis hefur ekki einvörðungu áhrif á framkvæmd samkomulagsins og afleiddra þátta með tilheyrandi óvissu fyrir bæði nemendur og rekstraraðila. Heldur birtist þessi ólíka afstaða einnig í túlkun aðila á grundvallaratriðum í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla sem snerta rekstrarumhverfi tónlistarskólanna. Þessi staða er óviðunandi fyrir alla aðila, bæði þá sem að samkomulaginu standa og þá sem undir það heyra. Úr þessu verður að greiða.**

   Félag tónlistarskólakennara telur ótækt að frumvarp til laga sé lagt fyrir Alþingi án þess að tekið sé á augljósum annmörkum sem þessum. Hér hefur orðalag dregið illan dilk á eftir sér.

   Þá er vert að benda á að frá tilurð umrædds samkomulags hefur FT óskað upplýsinga um hvert þeir sem undir samkomulagið heyra geti leitað vegna ágreinings milli aðila samkomulagsins, sbr. framangreint. Ekki hafa fengist nein svör við því og hefur það sett tónlistarskóla og talsmenn þeirra í undarlegt tómarúm. Hér hlýtur að vera um stjórnsýslulegan ágalla að ræða sem bæta þarf úr eða misbrest í upplýsingagjöf (í nýjum lögum verði skýrt kveðið á um stjórnskipan, hlutverk, yfirstjórn, ábyrgð og skyldur aðila).

3. **Félag tónlistarskólakennara telur afar brýnt að hafin verði vinna við endurskoðun á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms sem fyrst**. Þar vísast til framangreindra atriða auk fleiri þátta sem ekki hefur verið farið út í hér. FT vill beina því til allsherjar- og menntamálanefndar að hún beiti sér fyrir því að hugað verði að undirbúningi vegna nauðsynlegrar endurskoðunar hið fyrsta sem liður í því ferli að samkomulagið verði lögfest í nýrri heildarlöggjöf um tónlistarskóla - vonandi á haustþingi 2014.

Að mati FT er nauðsynlegt að eftirfarandi verði hluti af og/eða lagt til grundvallar við endurskoðun samkomulagsins:

- Tryggt verði að meginmarkmið samkomulagsins nái fram að ganga, sbr. þau atriði sem tilgreind eru fremst í þessu bréfi:
    - Framlög aukin um 250 m.kr. til söngnáms á mið- og framhaldsstigi og hljóðfæranáms á framhaldsstigi,
    - tónlistarnemar geta stundað nám óháð búsetu,
    - sett verða ný lög um tónlistarskóla.
- byggt verði á greiningu/úttekt á því hvernig samkomulag ríkis og sveitarfélaga hefur náð fram að ganga, þ.e. hvernig efling tónlistarnáms hefur til tekist, m.a. með vísan til markmiða samkomulagsins og framkvæmdar,
- reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda verði endurskoðuð,
    - ferli og útfærsla áréttuð og lagfæringar gerðar í ljósi reynslunnar,
- aðferðafræði við úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og vinnureglur þar að lútandi verði endurskoðaðar,
    - FT hefur gert athugasemdir við úthlutunarreglur sem gerðar voru á grunni reglugerðar um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumuni nemenda. Ekki var haft samráð við félagið við gerð úthlutunarreglnanna.
    - Sú aðferðafræði sem úthlutunarreglurnar byggja á felur í sér mjög hátt flækjustig; ekki síst í því ljósi að um lítinn hluta starfsemi tónlistarskóla er að ræða. Forsendur útreikninga á framlögum eru ógagnsæjar. Aðferðafræðin hefur ekki beina tengingu við aðalnámskrá tónlistarskóla og felur í sér þensluhvetjandi áhrif.
    - Félag tónlistarskólakennara sér ekki rök fyrir svo flóknu kerfi við úthlutun á framlagi ríkisins. FT telur að viðmiðin verði að byggja á faglegum forsendum í aðalnámskrá eins og upphafleg hugsun stóð til, að einfalda þurfi úthlutunarreglur, að forsendur úthlutunar verði að vera öllum ljósar, gera þurfi framkvæmdaliði aðgengilega og taka á óæskilegum kerfisáhrifum.
    - Fyrst og síðast þarf að tryggja sameiginlegan skilning og túlkun samningsaðila á inntaki samkomulagsins. Taka þarf af allan vafa um ábyrgð sveitarfélaga og skyldur þeirra gegn fjárframlagi ríkisins. Úthlutunarreglur gera ráð fyrir að lögheimilissveitarfélag nemanda greiði þann kennslukostnað sem út af kann að standa en mismunandi túlkun ríkis og sveitarfélaga veldur því að framkvæmd samkomulagsins er í ólestri og rekstrarskilyrði tónlistarskóla ótæk.

Félag tónlistarskólakennara hefur óskað eftir upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að geta skoðað og lagt mat á framkvæmd samkomulagsins í ljósi reynslu síðustu ára. Ekki hafa fengist þau gögn sem nauðsynleg eru sem grunnur að rökstuddri faglegri greiningu inn í endurskoðunarferli faglegra vinnubragða.

Félag tónlistarskólakennara óskar hér eftir því að fá tækifæri til að fylgja eftir umsögn félagsins á fundi með Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags tónlistarskólakennara

Sigrún Grendal, formaður

Netfang: sigrun@ki.is / sími: 694-5462

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1667
komudagur 15.4.2014

Reykjavíkurborg,
skóla- og frístundasvið

Reykjavík 15.4.2014

Þingskjal 751 — 414. mál.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna framlengingar á gildistíma samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms (gildistími bráðabirgðaákvæða o.fl.).

Í frumvarpinu er framlengdur gildistími tímabundinna bráðabrigðaákvæða í lögum sem sett voru vegna samkomulags um eflingu tónlistarnáms. Framangreint tengist kostnaðarskiptingu sem samið var um og lögfest 17.des. 2011 og snerti önnur verkefni en tónlistarnám (nr.180/2011) . Framlengingin er nauðsynleg þar sem án hennar er ekki lengur lagaheimild til að draga umsamda hlutdeild sveitarfélaga í öðrum verkefnum frá framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Með lögum þessum er gert ráð fyrir að umsýsluhlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði óbreytt út tímabilið.

Gildistími allra breytinganna er fjárlagaárið 2014 og því ljóst að um er að ræða skammtímaákvörðun. Mikilvægt er að nota þennan tíma til að móta framtíðarfyrirkomulag þessara mála og bregðast við og yfirvinna kerfisgalla.
Ekki er í þessari umsögn gerð athugasemd við aðra kafla frumvarpsins en þann fyrsta.

Eftirfarandi umsögn á við 3. mgr. í textanum *„Athugasemdir við lagafrumvarp þetta“* sem birtur er með frumvarpinu á vef Alþingis. Skýringar sem þar eru gefnar á vandanum sem við blasir gefa óljósa mynd.

Samkomulag um eflingu tónlistarnáms frá 2011 er um margt gallað og hafa ríki og borg auk þess lagt í það ólíkan skilning. Umfang tónlistarnáms á þeim stigum sem falla undir samkomulagið hefur reynst mun meira en upphaflega var ráð fyrir gert. Gallarnir hafa því komið berlegar í ljós en ella. Ríki fullfjármagnar ekki tónlistarnám á þessum námsstigum sem um ræðir þó svo að í öllum lögum og reglugerðum sé notað orðalagið *„greiðir ríkissjóður árlegt framlag á árunum 2011, 2012, 2013 og 2014 í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að standa straum af kennslukostnaði að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað“*. (1.kafli, 1.gr.) Mismunur kostnaðar sem skapast vegna kennslumagns sem sótt er um frá sveitarfélögum til Jöfnunarsjóðs og þeirra fjármuna sem dreift er á vegum ríkisins er verulegur, eða um 170 m.kr. árið 2014 samkvæmt áætluðum útreikningi Reykjavíkurborgar. Er þá miðað við að hver stund (umreiknuð grunnnámsstund) sé fjármögnuð með sömu krónutölu og sambærileg eining

í samningum Reykjavíkurborgar um þau námsstig í tónlist sem hún hefur gert samninga um við tónlistarskóla. Ríkið fjármagnar með framlagi sínu árið 2014 um 75% þess kennslumagns sem sótt er um og vísar til ábyrgðar sveitarfélaga á málaflokknum þegar vakin er athygli á þessum fjármögnunarvanda. Sveitarfélögum er hins vegar með engu móti gert kleift að stýra kennslumagninu, né heldur er skólum gert kleift að laga kennslumagn skólanna að þeim fjármunum sem þeim berast frá ríki. Minnki skóli kennslumagn til samræmis við raunkostnað (meðaltalskostnað hverja stund) skapast samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs skilaskylda á fjármunum í sama hlutfalli. Þannig er ekki hægt að kenna nemenda í fullu námi á þessum námsstigum hallalaust án aðkomu sveitarfélagsins, sem þó hefur enga stjórn á heildarkennslumagni því sem skóli er skuldbundinn til að kenna í tengslum við framlagið frá Jöfnunarsjóði.
Breyta þarf úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs strax og samræma það fjármagn sem lagt er fram og það kennslumagn sem fyrir það fæst. Það er hægt að gera með því að taka upp viðmið um fullfjármagnaða umreiknaða grunnnámsstund. Hvorki ríki né borg eru líkleg til að samþykkja ábyrgð á því fjármagni sem vantar án þess að fyrir hendi séu aðferðir til að stýra hversu mikið kennslumagn er samþykkt hverju sinni og þannig hafa áhrif á fjárhæðina. Þetta er sá vandi sem ráða þarf fram úr á framlengdum gildistíma samkomulagsins. Það er hægt að gera í reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Slíkar efnislegar breytingar, og aðrar sem þarf að gera jafnhliða, hafa ekki áhrif á þetta frumvarp sem eingöngu er sett fram til að tryggja kostnaðarþátttöku sveitarfélaga í öðrum verkefnum sem tengjast samkomulaginu frá 2011.

Fylgiskjal I

Í fylgiskjali I með lögum þessum er umsögn Mennta – og menningarmálaráðuneytis. Þar segir: *„ Á árinu 2014 veitir ríkissjóður framlag að fjárhæð 520 millj. kr. til tónlistarnáms á vegum sveitarfélaga sem ætlað er að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi, óháð búsetu“.*
Þetta er mjög þröng og um leið röng túlkun á samkomulaginu enda ljóst að ekki þarf ríflega hálfan milljarð króna til að leysa það verkefni eitt og sér. Samkomulaginu var ætlað að efla tónlistarnám í landinu með því að standa straum af kennslu- og stjórnunarkostnaði við tiltekin námsstig og jafna aðstöðumun nemenda. Orðalag í fylgiskjali I gefur tilefni til að ítreka þetta.

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1669
komudagur 25.4.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 25. Apríl 2014

1403034SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. um br. á ýmsum lögum (tónlistarskólar), 414. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 4. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið er lagt fram til staðfestingar á viðaukasamkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um framlengingu samkomulags sem undirritað var í maí 2011. Með viðaukanum er framlengt út þetta ár það fyrirkomulag að ríkið greiði 520 m.kr. til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, til að fjármagna kennslu nemenda á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik.

Einnig er framlengt til jafn langs tíma samkomulag sem undirritað var í nóvember 2011 um að á móti stuðningi ríkisins taki sveitarfélögin að sér verkefni frá ríkinu, samtals að fjárhæð 230 m.kr. á ársgrundvelli. Umrædd verkefni eru nánar útlistuð í frumvarpinu og við samþykkt laganna verður Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að draga hlutdeild einstakra sveitarfélaga í þessum kostnaði frá framlögum sem greidd eru til sveitarfélaga.

Sambandið gerir ekki athugasemd við efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Það skal þó jafnframt tekið fram að sambandið leggur áherslu á að viðaukasamkomulagið og framkomið frumvarp fela í sér skammtímalausn og að enginn vilji er til þess af hálfu sveitarfélaga að semja við ríkið til skamms tíma í senn um fyrirkomulag tónlistarfræðslu, líkt og gert var nú af illri nauðsyn.

Framtíðarsýn í málefnum tónlistarskóla

Við umræðu um málið á Alþingi og á fundi fulltrúa sambandsins með allsherjar- og menntamálanefnd var töluvert rætt um að framlag ríkisins sé ekki nægilegt til að fjármagna þau verkefni sem upphaflega var samið um. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg og Samtökum tónlistarskóla í Reykjavík stefnir í alvarlegan rekstrarvanda nokkurra tónlistarskóla og virðist ljóst að einhverjir tónlistarskólar muni ekki geta starfað með óbreyttum hætti á komandi skólaári. Einnig ber að hafa í huga að samkomulagið sem nú er í gildi gildir aðeins til áramóta, þ.e.a.s. í tæplega hálft skólaár. Þykir í ljósi þessara aðstæðna vera tilefni til að gera hér stuttlega grein fyrir afstöðu sambandsins til þess hver þurfi að vera næstu skref í málinu.

Ókostir núverandi fyrirkomulags eru allmargir eins og sjá má af eftirfarandi upptalningu:

- Markmið samkomulag frá 2011 um að framlag ríkisins til verkefnisins standi undir kennslu- og stjórnunarkostnaði á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik, hefur ekki gengið eftir.

Ástæðan er m.a. sú að framlagið er hvorki tengt verðlags- né launaþróun en jafnframt hefur fjöldi nemenda reynst umtalsvert meiri en forsendur samkomulagsins gerðu ráð fyrir.

- Kennsla á 4. stigi, s.s. burtfararpróf, einsöngvarapróf og kennaradeildir, er utan gildissviðs samkomulagsins. Að áliti sambandsins er eðlilegt að ríkið standi straum af kennslu- og stjórnunarkostnaði þess náms og ætti framlag ríkisins af þeirri ástæðu að vera nokkrum tugum milljóna hærra en það er nú.
- Fjármagn til verkefnisins er ekki nægilegt í dag. Til að treysta rekstrarforsendur tónlistarskóla þyrfti að setja skýrari viðmið. Til dæmis mætti skoða að taka upp í samkomulagið tiltekið einingarverð fyrir hverja veitta kennslustund eða semja um það milli ríkis og sveitarfélaga að framlag ríkisins skuli standa undir tilteknum hluta kostnaðar, svipað og gildir um húsaleigubætur.
- Ef vilji reynist til þess að halda áfram sama eða svipuðu fyrirkomulagi þarf að leggja áherslu á að bæta stýringu nemendafjölda og auka eftirlit með framkvæmd tónlistarnáms. Í því fælist m.a. að ganga eftir því að nemendur ljúki stigsprófi á eðlilegum hraða og að sett verði skýrari inntökuskilyrði á mið- og framhaldsstig.

Sem stendur er mikill þrýstingur á sveitarstjórnir að bæta tónlistarskólunum hallareksturinn. Jafnframt hafa tónlistarskólar neyðst til þess að hækka skólagjöld sem leiðir til þess að efnaminni nemendur hverfa frá tónlistarnámi. Að áliti sambandsins er takmarkaður vilji meðal sveitarfélaga til að framlengja samkomulagið við ríkið nema sátt náist milli aðila um verulegar úrbætur.

Jafnframt leggur sambandið áherslu á að þótt fjármögnun sé tryggð til næstu áramóta þarf að liggja fyrir sem allra fyrst afstaða til þess hvort og þá hvernig verkefninu verði fram haldið. Ekki er hægt að bjóða tónlistarskólum upp á að ganga inn í næsta skólaár án þess að forsendur fyrir næsta ár liggi skýrar fyrir.

Ef vilji er til þess af hálfu ríkisins að skoða róttækari breytingar á fyrirkomulagi tónlistarnáms en að framan er rakið er sambandið að sjálfsögðu tilbúið til þess að ræða og meta slíkar hugmyndir. Staðreyndin er þó því miður sú að erfitt hefur reynst að ná formlegum viðræðum við fulltrúa ríkisins um málið.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1638
komudagur 16.4.2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Umsögn samtaka tónlistarskóla í Reykjavík (S.T.Í.R.) um frumvarp til laga um eflingu tónlistarnáms (414. mál).

a)Samtök tónlistarskóla í Reykjavík telja það mikla framför að samkomulag um eflingu tónlistarnáms var gert til að jafna aðstöðumun nemenda eftir búsetu fyrir framhaldsstigið. Framkvæmdin hefur hins vegar ekki tekist vel sökum ónógra fjármuna til að standa straum af kennslukostnaði þeirra nemenda sem samkomulagið tók til. Skólar sem ekki eru reknir af sveitarfélögunum, eins og t.d. tónlistarskólarnir í Reykjavík hafa ekki fengið þjónustusamninga um það kennslustig sem samkomulagið tekur til. Bæta þyrfti í frumvarpið að sveitarfélög sem fá greitt samkvæmt samkomulaginu, skuldbindi sig til að gera þjónustusamninga um þetta skólastig við tónlistarskólana og sveitarfélögin verði ábyrg fyrir þessu námi með sama hætti og almenna náminu, þ.e. greiði þann kostnað sem felst í samþykktri áætlun.

Rökstuðningur: Framkvæmd samkomulagsins eins og hún snýr að tónlistarskólunum í Reykjavík er sú að skólarnir fá úthlutað fjármagni sem ekki er tengt kjarasamningum og hefur ekki dugað fyrir kennslukostnaði skólanna. Skólarnir hafa fengið að vita um mitt skólaár hvert fjármagnið er sem þeir fá. Þeir hafa því ekki tök á að bregðast við og einnig þó að þeir vilji hafa nemendastýringu, þá dugar það skammt, því þá minnka framlögin að sama skapi. Má því segja að það sé innbyggð hengingaról í fyrirkomulaginu eins og það snýr að tónlistarskólunum í Reykjavík. Ef skólarnir hefðu þjónustusamninga, þá væri staðan önnur.

b)Samtökin telja að í frumvarpið þyrfti að setja heimild um að framlengja mætti gildistíma frumvarpsins fram til ágúst 2015 ef að frumvarp til laga um tónlistarskóla yrði ekki að lögum fyrir þann tíma.

Rökstuðningur: Rekstrarár tónlistarskóla miðast við tímabilið september til ágúst og ráðningar kennara og skuldbindingar við nemendur gilda einnig um sama tímabil. Skólarnir yrðu í mikilli óvissu með rekstrargrundvöll, ef einungis yrði tryggt að fjármagn fengist fram að áramótum. Þetta á sérstaklega við um þá skóla sem að mestu leyti sinna kennslu á framhaldstigi í tónlist.

Með kærri kveðju
Vilberg Viggósson
formaður samtaka tónlistarskóla í Reykjavík